



Leiðandi hagvísir Analytica – Hækkun hagvísis – Batamerki


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) hækkaði í júlí í fyrsta skipti í rúm tvö ár. Þá voru tölur nokkra sl. mánuði endurskoðaðar uppávið. Miðað við að hagvísirinn hafi forspárgildi um vendlipunkta um sex til níu mánuði hafa líkur aukist á viðsnúningi til aukinnar landsframleiðslu snemma á næsta ári.

Tveir af sex undirliðum hækka frá í júlí en mest framlag til hækkingar hefur aukin debetkortavelta. Langtímauppleitni mikilvægra undirþátta hefur verið sterk en í bráð hefur langtímaleitnin minna að segja. Sérstök óvissa er áfram tengd ferðapjónustu og lamandi áhrifum COVID-19 farsóttarinnar á efnahagslíf og uppnám á vettvangi alþjóðastjórn mála tengt henni.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um vendlipunkta í efnahagsumsvifum að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitölunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100



Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.


Á mynd 1 er hvítur þríhyrningur í júní 2020 sem gefur til kynna bráðabirgðamat á vendipunkti í leiðandi hagvísinum til hækkunar. Þetta gefur til kynna mögulegan viðsnúning til hækkunar landsframleiðslu í janúar nk. Of snemmt er þó að segja til um hversu snarpur slíkur viðsnúningur gæti orðið.

Á mynd 2 má sjá sviðsmyndir Analytica um þróun landsframleiðslu sem byggð er á leiðandi hagvísi og undirþáttum hans eftir að búið er að hliðra hagvísinum fram um sex mánuði. Tilgangur myndarinnar er að setja leiðandi hagvísi Analytica sem birtur er á mynd 1 í samhengi við landsframleiðslu. Undirliggjandi langtímauppleitni landsframleiðslu hefur verið sterk en líklegt að minnki um hríð.

Rauði ferillinn sýnir áætlun Analytica byggða á leiðandi hagvísi en í ársbyrjun skiptist ferillinn í fernt. Fyrsti ferillinn merktur **EL** sýnir sviðsmynd um þróun landsframleiðslu miðað við eldri leitni. Sú sviðsmynd er að mati Analytica afar ólíkleg. Hinar þrjár sviðsmyndirnar **S1**, **S2** og **S3** taka mið af mismunandi forsendum um leitni. Það er nú mat Analytica að líklegasta niðurstaða liggja næst sviðsmynd **S2**. Í því fælist þá að samdráttur landsframleiðslu yrði á bilinu 5% til 8% frá síðasta fjórðungi ársins 2019 til síðasta fjórðungs í ár eða nokkru minna en áður var áætlað. Afar mikil óvissa ríkir um framvinduna sem er m.a. háð mildandi efnahagsaðgerðum ríkisstjórnar og seðla-banka. Lítil vafi er um jákvæð áhrif aðgerðanna.

Mynd 2. Sviðsmyndir um verga landsframleiðslu (VLF) fyrir árið 2020

Ma. kr. pr. mán. - Verðlag 2005



Ath.:VLF tölur Hagstofu Íslands fyrir 2018, 2019 og 1F 2020eru bráðabirgðatölur.

Á mynd 2 er búið að deila ársfjórðungslegum tölum Hagstofu Íslands um landsframleiðslu niður á mánuði. Analytica hefur árstíðaleiðrétt og jafnað tölurnar. Með árstíðaleiðréttingunni er leiðrétt fyrir sveiflum sem hafa tilhneigingu til að endurtaka sig á sama tíma árlega. Með jöfnuninni eru síðar burt óreglulegar skammtíma-sveiflur í því skyni að auðveldara sé að bera kennsl á undirliggjandi þróun. Aðferð Analytica við árstíðaleiðréttingu skilar eilítið annarri niðurstöðu en aðferð Hagstofu.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í júlí hækka tveir af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í júní hækka einnig tveir af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni.

Leiðandi hagvísir Analytica hækkar í júlí og tekur gildið 94,3, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í janúar 2021. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2019-2020


	Vísitala	Breyting (%)		Vísbending fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
2019				
júlí	101.3	-0.2%	-2.8%	jan. 2020
ágúst	101.0	-0.3%	-2.8%	feb.
september	100.7	-0.4%	-3.0%	mars
október	100.2	-0.5%	-3.1%	apríl
nóvember	99.6	-0.6%	-3.5%	maí
desember	98.8	-0.8%	-4.0%	júní
2020				
janúar	97.8	-1.0%	-4.9%	júlí
febrúar	96.6	-1.2%	-5.9%	ágúst
mars	95.4	-1.3%	-6.9%	sept.
apríl	94.5	-1.0%	-7.6%	okt.
maí	94.1	-0.4%	-7.6%	nóv.
júní	94.1	0.0%	-7.3%	des.
júlí	94.3	0.1%	-7.0%	jan. 2021

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir ágúst er áformuð þann 17/9 2020.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Prósentubreyting frá fyrra ári *



* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.


Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

Mynd V2 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni

Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurlflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfirmi á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahansson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá CMT Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfavíðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>